



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 4. apríl 2019

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 20. febrúar sl. og þann 14. mars sl., samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Breytingartillögur á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem samþykktar voru af stjórn KSÍ, voru unnar af mótanefnd KSÍ. Um er að ræða breytingar á grein **32** annars vegar og svo greinum **27**, **28** og **36**.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

32.gr.

Bikarkeppni KSÍ

Fyrir samþykktar breytingar:

32.2. Bikarkeppni KSÍ

32.2.6. Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði.

32.2.7. Hugsanlegt tap greiðist af leikaðilum að jöfnu.

Eftir samþykktar breytingar:

32.2. Bikarkeppni KSÍ

32.2.6. Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun.

32.2.7. Hugsanlegt tap greiðist af leikaðilum að jöfnu. Verði að aflýsa leik, gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti.

27. gr.
4. flokkur karla

Fyrir samþykktar breytingar:

27.1.10. Sigurvegarar riðla í úrslitakeppni skulu leika úrslitaleik um Íslandsmeistaratílinn skv. ákvörðun mótanefndar og skal leikið til þrautar. Ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma skal framlengt. Sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni. KSÍ skal greiða allan ferðakostnað við leikinn og skal hann miðast við 18 manns.

Eftir samþykktar breytingar:

27.1.10. Sigurvegarar riðla í úrslitakeppni skulu leika úrslitaleik um Íslandsmeistaratílinn skv. ákvörðun mótanefndar og skal leikið til þrautar. Ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma skal framlengt. Sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni. KSÍ skal greiða allan ferðakostnað við leikinn og skal hann miðast við 18 manns. Gæta skal hagkvæmni í ferðakostnaði.

28. gr.
5. flokkur karla

Fyrir samþykktar breytingar:

- 28.1.10. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni A-liða um Íslandsmeistaratílinn. Úrslitakeppni B liða skal fara fram á sama hátt, en úrslitakeppni C og D liða fer fram samkvæmt ákvörðun mótanefndar.
Í keppni A og B liða skal skipa félögum í þrjá riðla með fjórum liðum sem hér segir:
Riðill 1: A1, A4, B3 og D1.
Riðill 2: A2, B2, E1 og F1.
Riðill 3: A3, B1, E2 og C1.
Ef keppni fer ekki fram í D riðli skal lið E3 koma í stað D1
Ef keppni fer ekki fram í F riðli skal lið A5 eða C2 koma í stað F1
Leika skal sem hér segir:
Umferð 1: A1-D1, B3-A4, A2-F1, B2-E1, A3-C1, E2-B1
Umferð 2: D1-A4, A1-B3, F1-E1, A2-B2, C1-B1, A3-E2
Umferð 3. B3-D1, A4-A1, B2-F1, E1-A2, E2-C1, B1-A3
- 28.1.11. Sigurvegarar í úrslitariðlunum ásamt því liði sem er með bestan árangur í 2. sæti leika til úrslita viku síðar, þannig að þau mætast fyrst í undanúrslitum og sigurvegararnir síðan í úrslitaleik. Í undanúrslitum skal dregið um hvaða lið mætast, þó þannig að lið úr sama úrslitariðli mætist ekki. KSÍ skal greiða allan ferðakostnað við þessa leiki í keppni A og B liða. Skal hann miðast við 13 manns í hverju liði.

Eftir samþykktar breytingar:

28. gr.
5. flokkur karla

28.1.10. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni A-liða um Íslandsmeistaratílinn og skal hún leikin í tveimur 4 liða riðlum. Um nánari tilhögun fer fram samkvæmt ákvörðun mótanefndar. Úrslitakeppni B liða skal fara fram á sama hátt, en úrslitakeppni C og D liða fer fram samkvæmt ákvörðun mótanefndar.

28.1.11. Sigurvegarar í úrslitariðlunum leika til úrslita viku síðar. KSÍ skal greiða allan ferðakostnað við þessa leiki í keppni A og B liða. Skal hann miðast við 13 manns í hverju liði. Gæta skal hagkvæmni í ferðakostnaði.

Nýtt ákvæði 36.1.11.:

36. gr.
5. flokkur kvenna

36.1.11. Sigurvegarar í úrslitariðlunum leika til úrslita viku síðar. KSÍ skal greiða allan ferðakostnað við þessa leiki í keppni A og B liða. Skal hann miðast við 13 manns í hverju liði. Gæta skal hagkvæmni í ferðakostnaði.


Númer annarra málsgreina í grein 36 breytast til samræmis.

Samantekt

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á grein 32 og snýr að ferðakostnaði í bikarkeppni kvenna. Með þessari breytingu hafa reglur um ferðakostnað í bikarkeppni karla annars vegar og kvenna hins vegar verði samræmdar.

Í öðru lagi er um ræða breytingar sem snúa að úrslitakeppnum í 5. flokki karla og kvenna og 4. flokki karla. Breytingar hafa verið gerðar á tilhögun í úrslitakeppni 5. flokks karla í reglugerðinni. Þá miða breytingarnar að því að hagkvæmni sé gætt í ferðakostnaði vegna úrslitaleiks í framangreindum aldursflokkum þegar úrslitakeppnum er lokið. Breytingar þessar voru unnar af mótanefnd KSÍ.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.